



FJÖLMÍÐLANEFND

Reykjavík 26. nóvember 2018

Ákvörðun nr. 8/2018

Beiðni Zuism um andsvar á grundvelli 36. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 vegna umfjöllunar um félagið sem miðlað var á vefmiðlinum Vísí 13. og 16. nóvember 2018.

I. Málsvik

Í erindi Ágústs Arnar Ágústssonar f.h. trúfélagsins Zuism, sem barst fjölmiðlanefnd mánudaginn 19. nóvember 2018 var kvartað yfir synjun fjölmiðilsins Vísí á rétti trúfélagsins til andsvara, í tengslum við umfjöllun Vísí, undir fyrirsögninni *Kickstarter-bróðir fékk á aðra milljón úr Tækniþróunarsjóði*, sem birt var 13. nóvember sl., og annarrar umfjöllunar undir fyrirsögninni *Zúistar fá tugi milljóna frá ríkinu en finnast hvergi*, sem birt var 16. nóvember sl. Í kvörtuninni var vísað til 36. gr. laga um fjölmiðla um rétt til andsvara, auk 26. gr. laganna um lýðræðislegar grundvallarreglur og hlutlægni og nákvæmni í fréttáflutningi.

Í umræddum fréttum Vísí sagði m.a. að Zuism væri „dularfullt trúfélag sem hafi fengið tugi milljóna frá ríkinu í formi sóknargjalda. Tveir bræður, Ágúst Arnar Ágústsson og Einar Ágústsson, leiki lykilhlutverk í sögu þess, sem sagt sé byggja á grunni trúarbragða hinnar fornu þjóðar Súmera. Þeir hafi fengið leyfi hjá sýslumanninum á Norðurlandi eystra til að stofna trúfélag 2013 en „engin starfsemi virðist hafa farið fram á vegum þess,“ eins og segir í frétt Vísí frá 13. nóvember. Sýslumaður hafi haft í hyggju að afskrá félagið en áður en til þess hafi komið hafi hann auglýst eftir félögum eða aðstandendum sem vildu gangast við félaginu. Hópur fólks sem vildi umbætur á lagaumhverfi trúfélaga, og virtist vilja mótmæla fyrirkomulagi sóknargjalda sem ríkið greiðir trúfélögum landsins, hafi þá tekið félagið yfir og lofað að endurgreiða félögum sínum sóknargjöldin. Loforð um endurgreiðslu hafi laðað fjölda fólks að félaginu. Þannig hafi fjöldi skráðra félagsmanna farið úr fjórum árið 2015 í 3.087 árið eftir, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Í frétt Vísí frá 13. nóvember sagði: „Þegar ljóst var að trúfélagið fengi tugi milljóna króna í sóknargjöld frá ríkinu steig Ágúst Arnar fram og gerði



FJÖLMÍÐLANEFND

tilkall til yferráða í félaginu og þar með fjármunanna. Sýslumaður varð á endanum við kröfu Ágúst Arnars og skráði hann sem forstöðumann trúfélagsins.“ Þá kom fram í frétt Vísis að Ágúst Arnar hafi lofað að standa við heit hópsins um að endurgreiða félögunum sóknargjöldin. Hann segi endurgreiðslur hafnar en hafi ekki viljað gefa upplýsingar um hversu margir hafi fengið endurgreitt og hversu mikið af sóknargjöldunum hafi verið greidd út til félaga.

Í kvörtun Zuism til fjölmiðlanefndar sagði að blaðamaður Vísis hafi farið með rangt mál um trúfélagið Zuism og stjórnendur þess. Flestu því sem fram komi í greinarskrifunum hafi verið svarað nú þegar og séu svörin aðgengileg á netinu. Blaðamaður hafi hunsað allt jákvætt og dregið upp að því er virðist neikvæða og ranga mynd af félaginu og stjórnendum þess með fyrrnefndum greinum. Þann 16. nóvember hafi félagið sent yfirlýsingu til Vísis sem andsvar við því sem fram hafi komið í fréttinni gagnvart Zuism. Hafi hún ekki verið birt og þegar kvörtunin sé rituð sé upprunalega fréttin ennþá aðgengileg á Visir.is.

II. Málsmeðferð og sjónarmið málsaðila

a. Frekari gögn frá Zuism

Fjölmiðlanefnd taldi ekki með öllu skýrt hvaða leiðréttingum Zuism vildi koma á framfæri á Vísi. Var því óskað frekari skýringa á því í tölvupósti þann 19. nóvember sl. og þess óskað að gefin yrði nákvæm lýsing á atvikum. Þá óskaði nefndin eftir afriti af þeirri yfirlýsingu trúfélagsins sem vísað var til í kvörtuninni. Svar barst frá Zuism með tölvupósti 20. nóvember. Þar sagði að með póstinum fylgdi uppfærð kvörtun vegna réttar til andsvars, ásamt afriti af yfirlýsingu, sem send hafi verið Vísi, og af samskiptum milli Vísis og fjölmiðlafulltrúa Zuism.

Í uppfærðri kvörtun Zuism sagði: *Þann 13.11.2018 og 16.11.2018 birti Visir.is fréttir er vörðuðu trúfélagið Zuism. Þann 16.11.2018 sendi Zuism yfirlýsingu sem andsvar við þessum fréttum. Samskipti fjölmiðlafulltrúa Zuism og Vísis eru meðfylgjandi en ekki fékkst skýrt svar hvort til staði að birta hana eða ekki. Þegar þetta er ritað hefur hún ekki verið birt.*

Yfirlýsing sú sem Zuism sendi Vísi 16. nóvember sl. var svohljóðandi:

Yfirlýsing frá trúfélaginu Zuism

Vegna umfjöllunar um trúfélagið Zuism á Vísi í dag vill félagið koma eftirfarandi atriðum á framfæri.

Zuism er eitt stærsta trúfélag landsins en meðlimir trúfélagsins eru nú um tvö þúsund talsins. Starfsemi félagsins gengur vel en röng mynd er dregin upp af starfsemi félagsins í frétt Vísis. Trúfélagið býður upp á og hefur framkvæmt ýmsar vígsluathafnir, eins og brúðkaup og skírnir á síðustu vikum. Hvetjum við áhugasama til að nýta sér þá þjónustu. Það er því rangt og úr lausu lofti gripið að trúfélagið sé ekki virkt.



FJÖLMIÐLANEFND

Þá fóru endurgreiðslur á sóknargjöldum til meðlima fram á síðasta ári, líkt og lofað hafði verið. Umsóknir fyrir endurgreiðslur þessa árs hófust 1. nóvember sl. og standa til 30. nóvember nk. Við hvetjum alla meðlimi trúfélagsins til þess að nýta sér þennan valkost, ella láta féð renna til góðgerðarféлага. Zuism er ekki eina trúfélagið sem fær sóknargjöld en það er það eina sem býður meðlimum sínum að fá þau endurgreidd.

Félagið hefur því í staðinn leigt aðstöðu á meðan leitað er eftir varanlegu húsnæði fyrir starfseminu. Í því sambandi hefur stjórn félagsins í hvívetna leitast við að lágmarka kostnað svo að peningar félagsins nýtist sem best til góðra starfa.

Rétt er að taka fram að [S] og [Í] voru aldrei við stjórnvölinn í trúfélaginu Zuism. Með því að villa á sér heimildir gagnvart [H], fulltrúa sýslumannsins á Norðurlandi eystra, tókst [Í] að hljóta stöðu forstöðumanns í trúfélaginu tímabundið. Í kjölfarið handvaldi hann nýja stjórn, þ.m.t. [S] en líkt og kemur fram í fréttinni úrskurðaði innanríkisráðuneytið skipan [Í] ólögmeta. Ekki þurfti að taka sérstaklega afstöðu til hinnar handvöldu stjórnar [Í], enda var hún bersýnilega ólögmet þar sem hún hlaut aldrei kjör í samræmi við lög trúfélagsins Zuism. [S] og [Í] hafa útrekað villt á sér heimildir og talið utanaðkomandi aðilum trú um að þeir væru við völd í trúfélaginu, þrátt fyrir að hafa strax á fyrstu skrefum verið tilkynnt af stjórn félagsins að þeir störfuðu í trássi við lög félagsins, líkt og innanríkisráðuneytið staðfesti.

Fyrir hönd Zuism,

Ágúst Arnar Ágústsson, forstöðumaður Zuism.

Í afriti af samskiptum Kolbeins Tuma Daðasonar, aðstoðarritstjóra fréttastofu Stöðvar 2, Bylgjunnar og Vísis, og Róberts Róbertssonar, fjölmiðlafulltrúa Zuism, sem fram fóru 16. nóvember sl., kemur fram að eftir að hafa mótttekið framangreinda yfirlýsingu hafi Vísir óskað eftir viðtali við Ágúst Arnar Ágústsson. Fram kemur að það hafi verið reynt árangurslaust í marga daga eftir ýmsum leiðum.

Í svari fjölmiðlafulltrúa Zuism, við beiðni Vísis um viðtal, er haft eftir Ágústi að yfirlýsingin sé það eina sem hann vilji að komi fram eftir fréttinni á Vísí þann dag og hafi hann ekki neinu við að bæta á þeirri stundu.

Aðstoðarfréttastjóri svarar framangreindu með orðunum: „Jæja, það er athyglisvert. Hann leiðréttir nefnilega ekkert í fréttinni í þessari yfirlýsingu.“

Fjölmiðlafulltrúi Zuism svarar því þá til að, að vísu komi nú fram eitt og annað, m.a. að trúfélagið sé starfandi og gangi vel og líka raunar meira um þessa einstaklinga sem minnst sé á í seinni hlutanum. Þá bendir fjölmiðlafulltrúinn á að yfirlýsingin hafi verið að birtast á heimasíðu Zuism.



FJÖLMIÐLANEFND

b. Sjónarmið Vísis

Fjölmiðlanefnd óskaði miðvikudaginn 21. nóvember sl. eftir sjónarmiðum Sýnar hf. vegna beiðni trúfélagsins Zuism um rétt til andsvara og bárust þau með bréfi Þóris Guðmundsonar fréttastjóra Stöðvar 2, Bylgjunnar og Vísis, dags. 22. nóvember sl.

Í svari fréttastjóra sagði í fyrsta lagi að við vinnslu fréttar Vísis sem Ágúst Arnar Ágústsson vísi til í kvörtun sinni hafi verið leitað allra mögulegra leiða til að ná tali af honum; símleiðis, í gegnum samfélagsmiðla, auk þess sem reynt hafi verið að taka hús á honum á fleirum en einum stað. Af þessu leiði að honum hafi verið veittur réttur til andsvara sem hann hafi kosið að nýta ekki. Þegar af þeirri ástæðu beri fjölmiðlanefnd að hafna erindinu eða vísa því frá.

Í öðru lagi sé ekki að sjá af yfirlýsingunni, sem borist hafi á almennan ritstjórnarpóst fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar, að í henni felist ósk um leiðréttingu á frétt, heldur segir að félagið vilji koma „eftirfarandi atriðum á framfæri“ í tengslum við fréttáflutning á Vísi. Til þess að ljóst sé að óskað sé eftir leiðréttingu á frétt í samræmi við ákvæði laga sé mikilvægt að sú ósk sé skýr. Ósk um að yfirlýsing verði birt komi fram eftir tölvusamskipti sem varafréttastjóri hafi átt frumkvæði að en þá einfaldlega sem ósk um birtingu á langri yfirlýsingu.

Í þriðja lagi komi fram í tölvupóstum þeim sem fylgi kvörtuninni til fjölmiðlanefndar að varafréttastjóri ítreki ósk sína um viðtal við Ágúst Arnar. Í pósti hans komi sömuleiðis fram sú skoðun að í yfirlýsingunni sé ekki að finna neina leiðréttingu á fréttinni. Svar fjölmiðlafulltrúa Zuism við þeirri fullyrðingu hafi verið á þá leið að það komi „nú að vísu fram eitt og annað m.a. að trúfélagið sé starfandi og gangi vel og líka raunar meira um þessa einstaklinga sem minnst sé á í seinnihlutanum.“ Afar óljóst sé hvaða efnisatriði fréttanna hafi verið röng og þurfi að leiðrétta. Í andsvarinu hafi því greinilega falist annað og meira en að leiðrétta staðreyndir. Þá hafi yfirlýsingin verið þannig úr garð gerð að hún hafi farið langt fram úr þeirri lengd sem nauðsynleg hefði verið til að leiðrétta staðreyndir málsins. Hafi andsvarið því hvorki samræmt a- né b-lið 2. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011.

Einnig fór fréttastjóri í svari sínu yfir efnisatriði yfirlýsingar Zuism, lið fyrir lið, með eftirfarandi athugasemdum fréttastofu:

- 1. Zuism er eitt stærsta trúfélag landsins en meðlimir trúfélagsins eru nú um tvö þúsund talsins. Starfsemi félagsins gengur vel en röng mynd er dregin upp af starfsemi félagsins í frétt Vísis. Trúfélagið býður upp á og hefur framkvæmt ýmsar vígsluathafnir, eins og brúðkaup og skírnir á síðustu vikum. Hvetjum við áhugasama til að nýta sér þá þjónustu. Það er því rangt og úr lausu lofti gripið að trúfélagið sé ekki virkt.*

Í athugasemd fréttastofu við framangreint segir að upplýsingar um félagsgjöld í Zuism komi fram í frétt Vísis. Í henni sé ekki fullyrt að félagið sé ekki virkt, aðeins að starfsemin virðist



FJÖLMÍÐLANEFND

takmörkuð og ekki sé hægt að ráða af vefsíðu eða samfélagsmiðlasíðu félagsins að þar fari fram mikið starf. Ekkert sé að finna þar um athafnir sem hafi farið fram, aðeins að þær standi til boða. Engar auglýsingar virðist þar heldur að finna um einstaka atburði á vegum félagsins, tíma- eða staðsetningar, utan aðalfundar í september, eins og komi fram í fréttinni.

- 2. Þá fóru endurgreiðslur á sóknargjöldum til meðlima fram á síðasta ári, líkt og lofað hafði verið. Umsóknir fyrir endurgreiðslur þessa árs hófust 1. nóvember sl. og standa til 30. nóvember nk. Við hvetjum alla meðlimi trúfélagsins til þess að nýta sér þennan valkost, ella láta féð renna til góðgerðarféлага. Zuism er ekki eina trúfélagið sem fær sóknargjöld en það er það eina sem býður meðlimum sínum að fá þau endurgreidd.*

Í athugasemd fréttastofu við framangreint segir að í frétt Vísis komi fram að Zuism bjóði félögum upp á að sækja um endurgreiðslur og að láta þær renna í góðgerðarstarf. Þar komi einnig fram að forsvarsmenn félagsins hafi ekki viljað veita upplýsingar um umfang þessara greiðslna.

- 3. Varðandi meint húsnæðisleysi félagsins þá óskaði félagið eftir því við Reykjavíkurborg að fá aðstöðu fyrir félagið, eins og mörg önnur trúfélög hafa fengið en því var hafnað. Félagið hefur því í staðinn leigt aðstöðu á meðan leitað er eftir varanlegu húsnæði fyrir starfsemina. Í því sambandi hefur stjórn félagsins í hvívetna leitast við að lágmarka kostnað svo að peningar félagsins nýtist sem best til góðra starfa.*

Í athugasemd fréttastofu við framangreint segir að fram komi í fréttinni að Zuism hafi sótt um lóð hjá Reykjavíkurborg en verið hafnað. Trúfélagið sé skráð með lögheimili að Nethyl í Árbæ. Fréttamaður hafi fengið staðfest að félagið hefði ekki starfsemi þar og hefði aldrei haft. Aðalfundur félagsins hafi verið auglýstur í Borgartúni. Félagið sé ekki skráð þar til húsa og engar merkingar á þess vegum sé að finna þar þó að forstöðumaðurinn leigi þar skrifstofurými. Því sé aðeins fullyrt í frétt Vísis að félagið virðist húsnæðislaust. Ekki komi fram í athugasemd Zuism hvar aðstöðuna, sem félagið leigir, sé að finna. Ekki hafi verið gefinn kostur á viðtali til að spyrja út í það eftir að yfirlýsingin hafi borist Vísi.

- 4. Rétt er að taka fram að [S] og [Í] voru aldrei við stjórnvölinn í trúfélaginu Zuism. Með því að villa á sér heimildir gagnvart [H], fulltrúa sýslumannsins á Norðurlandi eystra, tókst [Í] að hljóta stöðu forstöðumanns í trúfélaginu tímabundið. Í kjölfarið handvaldi hann nýja stjórn, þ.m.t. [S] en líkt og kemur fram í fréttinni úrskurðaði innanríkisráðuneytið skipan [Í] ólögmeta. Ekki þurfti að taka sérstaklega afstöðu til hinnar handvöldu stjórnar [Í], enda var hún bersýnilega ólögmet þar sem hún hlaut aldrei kjör í samræmi við lög trúfélagsins Zuism. [S] og [Í] hafa útrekað villt á sér heimildir og talið utanaðkomandi aðilum trú um að þeir væru við völd í trúfélaginu, þrátt fyrir að hafa strax á fyrstu skrefum verið tilkynnt af stjórn félagsins að þeir störfuðu í trássi við lög félagsins, líkt og innanríkisráðuneytið staðfesti.*



FJÖLMIÐLANEFND

Í athugasemd fréttastofu við framangreint segir að í fréttinni sé aðeins rakin saga valdabaráttu um Zuism, eins og hún hafi komið fram í fjölmiðlum áður, auk þess sem rætt sé við einn úr hópnum sem nefndur sé í kvörtun Zuism. Að því er fréttastofa viti best hafi sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra viðurkennt fulltrúa hópsins, [Í], sem forstöðumann félagsins. Ásakanir um að hann hafi villt á sér heimildir til þess að fá stöðuna tímabundið hafi ekki komið fram áður en hægt hefði verið að sannreyna þær hefði núverandi forstöðumaður Zuism gefið kost á viðtali. Fréttastofa hefði ekki birt þá ásökun án þess að sannreyna að hún ætti við rök að styðjast áður. Þversögn virðist einnig felast í áréttun Zuism um að [S] og [Í] hafi aldrei verið við stjórnvölinn í félaginu því strax í næstu setningu sé fullyrt að [Í] hafi hlotið stöðu forstöðumanns í trúfélaginu tímabundið. Ef andsvarið hefði verið birt án þess að þessar ásakanir væru sannreyndar hefði slík birting brotið gegn lögvorðum hagsmunum þriðja aðila, sbr. d-lið 2. mgr. 36. gr. laga nr. 38/2011.

Loks sagði í svari fréttastjóra að með vísan í a-, b- og d-lið 36. gr. laga um fjölmiðla telji fréttastofa sér ekki skylt að birta yfirlýsinguna á Vísi,

III. Réttur til andsvara

Í 36. gr. laga um fjölmiðla er fjallað um réttinn til andsvara. Þar segir að aðili sem telur að lögmætir hagsmunir sínir, einkum æra eða orðspor, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli hafi rétt til andsvara í viðkomandi miðli eða til annarra jafngildra úrræða. Andsvör skuli birt eða þeim miðlað þegar eftir að rök hafa verið færð fyrir beiðni þar um og sé fjölmiðli óheimilt að óska eftir greiðslu fyrir birtingu eða miðlun þeirra.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. getur fjölmiðlaveita synjað beiðni um andsvar við eftirfarandi aðstæður:

- a) andsvar fer yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin eru nauðsynlegt til að leiðrétta staðreyndir málsins.
- b) í andsvarinu felst annað og/eða meira en að leiðrétta staðreyndir sem fram hafa komið hjá fjölmiðlaveitunni.
- c) andsvarið felur í sér efni sem brýtur í bága við almenn hegningarlög og er til þess fallið að gera fjölmiðlaveituna skaðabótaskylda eða er andstætt almennu siðferði.
- d) andsvarið brýtur gegn lögvorðum hagsmunum þriðja aðila.
- e) aðili getur ekki sýnt fram á að hann eigi einstaklingsbundinna, lögvarinna hagsmuna að gæta.
- f) upplýsingarnar sem fjölmiðlaveitan miðlaði eru beinar tilvitnanir í gögn sem stafa frá stjórnvöldum eða dómstólum.



FJÖLMIÐLANEFND

Synjun á rétti til andsvara er undantekning frá meginreglunni um andsvarsrétt og ber því að túlka þröngt, í samræmi við hefðbundin lögskýringarsjónarmið. Þetta kemur m.a. fram í skýringum við ákvæði 36. gr. í frumvarpi til laga um fjölmiðla.

Í ákvæði 36. gr. kemur jafnframt fram að synji fjölmiðlaveita beiðni um andsvar eða bregðist ekki við beiðni aðila innan þriggja sólarhringa geti hlutaðeigandi beint erindi þar að lútandi til fjölmiðlanefndar sem taki ákvörðun um hvort aðili eigi rétt á að koma andsvörum á framfæri. Ákvörðun skuli tekin innan viku frá því fjölmiðlanefnd berst erindi þar um og skuli nefndin leggja fyrir viðkomandi fjölmiðlaveitu að miðla andsvari án tafar, þegar við á.

Réttur til andsvars tekur til allra fjölmiðla og bæði einstaklingar og lögaðilar geta nýtt sér hann. Rétturinn er þó háður því að viðkomandi eigi sjálfur lögvarinna hagsmuna að gæta. Þá tekur réttur til andsvars eingöngu til leiðréttinga á staðreyndum en felur ekki í sér rétt aðila til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri að öðru leyti, eins og fram kemur í skýringum við 36. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla.

Brot gegn 1. og 4. mgr. 36. gr. geta bæði varðað stjórnvaldssekt og refsingu, auk þess sem fjölmiðlanefnd er heimilt að leggja dagsektir á þann sem vanrækir að verða við ákvörðun nefndarinnar um skyldu til að birta andsvör. Þá er fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með birtingu álits eða ákvörðunar.

Ákvæði 36. gr. laga um fjölmiðla er reist á 23. gr. þágildandi hljóð- og myndmiðlunartilskipunar 2007/65/EB, sem fjallar um rétt einstaklinga og lögaðila til andsvara í sjónvarpsútsendingum, en samsvarandi ákvæði er nú að finna í 28. gr. í hljóð- og myndmiðlunartilskipun 2010/13/ESB.

IV. Niðurstaða

Samkvæmt 4. mgr. 36. gr. nr. 38/2011 ber fjölmiðlanefnd að taka ákvörðun í málum er varða rétt til andsvara innan viku frá því að fjölmiðlanefnd berst erindi þar að lútandi. Sökum þess þrönga tímaramma sem nefndinni er veittur til að taka ákvörðun á grundvelli 36. gr. verður eingöngu fjallað um þann hluta kvörtunar Zuism trúfélags í ákvörðun þessari, er varðar rétt félagsins til andsvara á grundvelli 36. gr. laga um fjölmiðla. Ákvörðun nefndarinnar tekur ekki til þess hluta kvörtunar Zuism sem varðar umfjöllun Vísis út frá þeim skyldum sem á fjölmiðlum hvíla samkvæmt 26. gr. laga um fjölmiðla.

Við málsmeðferð vegna kvörtunar yfir synjun fjölmiðils um beiðni til andsvars lítur nefndin til þess hvort þau skilyrði sem fram koma í 1. mgr. 36. gr. séu uppfyllt sem og hvort þær aðstæður, sem raktar eru í 2. mgr. 36. gr., kunni að vera uppi og heimila synjun beiðni um andsvar.



FJÖLMÍÐLANEFND

Réttur til andsvars samkvæmt 36. gr. laga um fjölmiðla lýtur að því að leiðrétta staðreyndir þegar aðili telur að lögmætir hagsmunir sínnir, einkum æra eða orðspor, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli. Svo sem fram hefur komið lýtur rétturinn til andsvars ekki að því að koma sjónarmiðum að með almennum hætti. Fjölmíðlaveitu er heimilt að synja um andsvar fari andsvarið yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin eru nauðsynleg til að leiðrétta staðreyndir málsins sem og ef í andsvarinu felst annað og/eða meira en slík leiðrétting.

Þær athugasemdir sem fram hafa komið af hálfu Zuism um að starfsemi félagsins gangi vel og félagið sé virkt fela að mati fjölmiðlanefndar ekki í sér leiðréttingu á ótvíræðum staðreyndavillum, þar sem annað er ekki fullyrt í fréttum Vísis 13. og 16. nóvember, en að starfsemin *virðist* takmörkuð, sbr. eftirfarandi orðalag í frétt Vísis 13. nóvember: „Þeir fengu leyfi hjá sýslumanninum á Norðurlandi eystra til að stofna trúfélag árið 2013 en engin starfsemi virðist hafa farið fram á vegum þess“. Þá segir í frétt Vísis 16. nóvember að „engin starfsemi virðist þó hafa verið á vegum Zuism eftir að það hlaut skráningu sem trúfélag fyrir fimm árum.“ Með vísan til b-liðar 2. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla telur fjölmiðlanefnd að Vísi hafi verið heimilt að synja trúfélaginu Zuism um að birta slíkt andsvar, enda fæli það í sér annað og meira en að leiðrétta rangar staðreyndir fjölmiðilsins.

Þær athugasemdir sem fram koma af hálfu Zuism í beiðni þeirra um andsvar, vegna umfjöllunar Vísis um endurgreiðslur til félagsmanna, lúta að því að endurgreiðslur til félagsmanna hafi farið fram og að þeir séu hvattir til að sækja um endurgreiðslur fyrir 30. nóvember nk. Að mati fjölmiðlanefndar fela þær athugasemdir ekki í sér leiðréttingu á ótvíræðum staðreyndavillum í fréttum Vísis, auk þess sem þær hrekja hvorki fréttir Vísis né veita frekari upplýsingar um umfang endurgreiðslna til félagsmanna. Í frétt Vísis 16. nóvember kom fram að loforð um að endurgreiða félagsmönnum sóknargjöld hafi laðað rúmlega þrjú þúsund manns að félaginu þegar mest lét 2016. Þá kom fram í fréttinni að forsvarsmáður félagsins hafi í viðtölum við fjölmiðla ekki viljað upplýsa hversu margir félagar hafi fengið endurgreitt né hversu mikið af sóknargjöldunum hafi verið greidd út. Með vísan til b-liðar 2. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla telur fjölmiðlanefnd að Vísi hafi verið heimilt að synja trúfélaginu Zuism um að birta andsvar félagsins vegna umfjöllunar Vísis um endurgreiðslur til félagsmanna, enda fæli það í sér annað og meira en að leiðrétta rangar staðreyndir fjölmiðilsins.

Þær athugasemdir sem fram hafa komið af hálfu Zuism um „meint húsnæðisleysi félagsins“ fela að mati fjölmiðlanefndar ekki í sér leiðréttingu á ótvíræðum staðreyndavillum, þar sem annað er ekki fullyrt í frétt Vísis frá 16. nóvember en að félagið „virðist hvergi til húsa“. Að mati fjölmiðlanefndar getur áður nefnt orðalag í frétt Vísis vart talist óvarlegt, með vísan til árangurslausra tilrauna blaðamanna Vísis til að hafa uppi á aðsetri félagsins, eins og þeim tilraunum er lýst í umfjöllun fjölmiðilsins. Þá koma ekki fram upplýsingar í athugasemdum Zuism um það hvar félagið leigi aðstöðu á meðan leitað sé að varanlegu húsnæði. Með vísan



FJÖLMIÐLANEFND

til b-liðar 2. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla telur fjölmiðlanefnd að Vísi hafi verið heimilt að synja trúfélaginu Zuism um að birta slíkt andsvar, enda fæli það í sér annað og meira en að leiðrétta rangar staðreyndir fjölmiðilsins.

Í síðasta hluta yfirlýsingar Zuism er því haldið fram að tveir nafngreindir einstaklingar hafi villt á sér heimildir gagnvart fulltrúa sýslumannsins á Norðurlandi eystra. Þá hafi þeir ítrekað villt á sér heimildir og talið utanaðkomandi aðilum trú um að þeir væru við völd í trúfélaginu. Með vísan til d-liðar 2. mgr. 36. gr. getur fjölmiðlanefnd ekki gert fjölmiðlaveitu að birta andsvar sem fæli í sér slíkar ásakanir á hendur nafngreindum einstaklingum, án þess að nokkuð liggi fyrir um þær ásakanir, enda kynni það að fela í sér brot gegn lögvörðum hagsmunum þriðja aðila. Þá verður að öðru leyti ekki séð að slíkar ásakanir á hendur þriðja aðila séu meðal þess sem andsvarsréttinum sé ætlað að ná til, nema að því marki sem þær teljast órjúfanlegur þáttur umfjöllunar um þau atriði sem hafa beinst að þeim sem andsvarsrétturinn tekur til. Í ljósi þessa telur fjölmiðlanefnd að Vísi hafi verið heimilt að synja trúfélaginu Zuism um að birta slíkt andsvar.

Auk þess sem að framan greinir er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að andsvar trúfélagsins Zuism hafi farið yfir þau mörk í lengd sem nauðsynleg geta talist til að leiðrétta staðreyndir málsins og hafi Vísi jafnframt verið heimilt að synja trúfélaginu Zuism um að birta umbeðið andsvar á grundvelli a-liðar 2. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla. Er í því sambandi vísað til þess sem áður greinir um að andsvarsréttinum sé einungis ætlað að tryggja að aðili fái leiðréttar rangar staðreyndir en ekki að vernda rétt manna til þess að leita til fjölmiðlanefndar til þess að fá mælt fyrir um jákvæða skyldu fjölmiðla til að koma að almennum sjónarmiðum um hin ýmsu mál sem til umfjöllunar eru. Þá verður ekki framhjá því litið að trúfélaginu var bæði boðið að koma að athugasemdum sínum vegna umfjöllunar Vísis og var af hálfu fjölmiðilsins óskað eftir viðtali við aðstandendur þess eftir að kvörtun barst vegna umrædds fréttáflutnings. Fengu þeir þannig tækifæri til þess að koma að sjónarmiðum sínum.

Samkvæmt framangreindu telur fjölmiðlanefnd að Vísi hafi verið heimilt að synja trúfélaginu Zuism um andsvar vegna fréttu Vísis 13. og 16. nóvember 2018 á grundvelli a-, b- og d-liðar 2. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla.



FJÖLMÍÐLANEFND

V. Ákvörðunarorð

Vísi var heimilt að synja trúfélaginu Zuism um andsvar vegna fréttu Vísis 13. og 16. nóvember 2018 á grundvelli a-, b- og d-liðar 2. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,

Halldóra Þorsteinsdóttir

Björn Vignir Sigurpálsson

Finnur Beck

Róbert H. Haraldsson